

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 42. fundur.

að Hlíðavegi 6, 2.9. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Samþykkt um hreinsun og losun rotþróa á N-eystra.
3. Fundargerð bygginganefndar frá 7. júlí.
4. Fundargerð bygginganefndar frá 24. ágúst.
5. Fundargerð lanbúnaðarnefndar frá 28. júlí.
6. Fundargerð skólanefndar frá 18. ágúst.
7. Erindi Umhverfissráðuneytisins um tengsl samfélags og vistkerfis við Mývatn.
8. Hlutfjár aukning hjá Atvinnuþróunarfélagi Pingeyinga hf.
9. Erindi Vegagerðarinnar vegna fjárveitinga til styrkvega 2004.
10. Erindi Afslins á Norðurlandi, systursamtaka Stígamóta, beiðni um styrk.
11. Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 9. júní, vegna nýsettra laga um verndun Mývatns og Laxár.

Til kynningar: Erindi Yngva Ragnars Kristjánssonar: "Það er líf eftir Kísiliðjuna."

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og bauð sveitarstjórn velkomna úr sumarleyfi.

2. Samþykkt um hreinsun og losun rotþróa á N-eystra.

Sveitarstjóri upplýsti að hann hefði þegar átt viðræður við heilbrigðisfulltrúa vegna málsins sem og um hugsanlega staðsetningu fyrir seyruförgun. Enn

fremur hefur sveitarstjóri átt viðræður við Stefán Skaftason hjá Landgræðslunni um losunarstað.

Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála og rita landeigendum á Grímsstöðum bréf þar sem óskað verði eftir svæði í landi þeirra til seyruförgunar

3. Fundargerð bygginganefndar frá 7. júlí.

1.2.3. og 8. liður eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu bygginganefndar á þeim liðum fundargerðarinnar.

4. Fundargerð bygginganefndar frá 24. ágúst.

1.6.7. og 8. liður eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu bygginganefndar á þeim liðum fundargerðarinnar.

5. Fundargerð lanbúnaðarnefndar frá 28. júlí.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til lanbúnaðarnefndar að hún hugi að ástandi gangnakofa og aðhalda.

6. Fundargerð skólanefndar frá 18. ágúst.

Vegna niðurlags 2. liðar fundargerðarinnar vill sveitarstjóri taka fram að fullt samráð og samkomulag var haft við starfsmenn um þessar breytingar.

Sveitarstjóri og leikskólastjóri töldu heppilegra að málið væri leyst með samkomulagi við starfsfólk fremur enn að segja starfsmönnum upp störfum og auglýsa störfina að nýju.

Varðandi 3. lið fundargerðarinnar vill sveitarstjórn ítreka að óvissan um byggingu leikskóla stafar af þeim blikum sem á lofti eru í atvinnumálum í sveitarfélaginu. Þessi óvissa snertir alla íbúa sveitarfélagsins. Það er afar brýnt að þessari óvissu verði eytt, en því miður er það ekki eingöngu í höndum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn tekur undir óskir skólanefndar um að leikskólastjóri og starfsmenn vinni að forgangsröðun þeirra mála sem bætt geti aðstöðu nemenda og starfsmanna leikskólans.

7. Erindi Umhverfisráðuneytisins um tengsl samfélags og vistkerfis við Mývatn.

Sveitarstjórn óskar eftir að málið verði kynnt nánar fyrir sveitarstjórn áður en afstaða verður tekin til þátttöku í verkefninu.

8. Hlutfjáraukning hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf.

Sveitarstjórn samþykkir að neyta forkaupsréttar í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga að upphæð kr. 11.099-

9. Erindi Vegagerðarinnar vegna fjárveitinga til styrkvega 2004.

Samþykkt að óska eftir að Birgir Guðmundsson mæti til fundar við sveitarstjórn á næsta fundi eftir hálfan mánuð.

10. Erindi Aflsins á Norðurlandi, systursamtaka Stígamóta, beiðni um styrk.

Erindinu hafnað

11. Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 9. júní, vegna nýsettra laga um verndun Mývatns og Laxár.

Árni Bragason frá Umhverfisstofnun mun mæta til fundar með sveitarstjórn eða hluta hennar á morgun föstudag. Málinu frestað til næsta fundar.

12. Trúnaðarmál.

Prjú erindi færð til bókar í trúnaðamálabók.

Til kynningar:

Yngvi Ragnar Kristjánsson mætti á fund sveitarstjórnar og kynnti sveitarstjórn eftirfarandi hugleiðingar:

Það er líf eftir Kísiliðjuna!

Um þessar mundir er það ljóst að Kísiliðjan er að hætta störfum 1. desember 2004, enn er ekkert í hendi um að neitt nýtt komi í staðinn fyrir þennan aðal vinnuveitanda í Mývatnssveit. Miklar umræður og væntingar hafa verið til þess að kísilrykverksmiðja muni koma í stað Kísiliðjunnar, þessar vangaveltur hafa haldið rónni í mörgum hér í Mývatnssveit sem annars hafa ekki að miklu að hverfa í atvinnulegu tilfelli í sveitinni. Mín skoðun er sú að það þýði ekkert að sitja með hendur í skauti sér og bíða eftir því að einhver annar komi með eitthvað færandi hendi. Það var reyndar þannig þegar Kísiliðjan kom inn í Mývatnssveit að ríkið kom færandi hendi með þessa verksmiðju og skellti henni niður þarna á vatnsbakkann á einni af mestu náttúruperlu Íslands.

Ríkið kom færandi hendi með Kísiliðjuna og skellti henni niður hér á vatnsbakkann á einni af mestu náttúruperlu Íslands.

Á þessum tíma var ekkert til sem hét umhverfisvernd og hvað þá umhverfismat. Að mínu mati hefði þetta aldrei verið tekið til greina í dag. Ljóst er að Mývatn hefur breyst gríðarlega á síðustu 40 árum og velta menn því að sjálfsögðu fyrir sér hvað hefur gerst. Ekkert hefur gripið jafn afgerandi inn í vistkerfi Mývatns eins og Kísiliðjan og telja því sumir að það sé af hennar völdum hvernig lífríkið er að breytast í vatninu. Mér finnst það sjálfsögð krafa Skútustaðhrepps að krefjast þess að þar sem ríkið beitt sér fyrir því að setja verksmiðjuna hér niður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum að ríkið taki stóran þátt í því að byggja Mývatnssveit upp að nýju. Ég legg til miðað við þær aðstæður sem uppi eru í atvinnumálum og einnig náttúrumálum í Mývatnssveit verði höfuðáherslan lögð á uppbyggingu í ferðapjónustu. Nauðsynlegt er að búa í sátt við náttúruna en þó verður sambúðin að vera þannig að bæði sé pláss fyrir manninn og náttúruna.

Lagt er til miðað við þær aðstæður sem uppi eru í atvinnumálum og einnig náttúruferfari í Mývatnssveit verði höfuðáherslan lögð á uppbyggingu í ferðapjónustu. Nauðsynlegt er að búa í sátt við náttúruna en þó verður sambúðin að vera þannig að bæði sé pláss fyrir manninn og náttúruna.

Mývatnssveit og umhverfi hennar er einstök náttúruundur og nánast sama hvert er litið, tækifærin í ferðaþjónustu eru á hverju strái. Ég legg til að Mývatnssveit verði gerð að tilraunaverkefni í ferðaþjónustu. Með þessu á ég við að hér verði ferðaþjónustan sett í öndvegi hvað varðar uppbyggingu í atvinnulegu sjónarmiði. Ríki og Skútustaðahreppur geri með sér samning um uppbyggingu í ferðaþjónustu og sveitarfélagið verði út á við sem ferðaþjónustusveitarfélag Íslands. Hér muni aðaláhersla vera lögð á að skipuleggja samfélagið sem ferðaþjónustusamfélag og vinna að uppbyggingu greinarinnar. Min skoðun er sú að gera eigi 10 ára samning þar sem ríkið leggur til 100 milljónir á ári í verkefnið og sveitarfélagið sjái um að skipuleggja, byggja upp og stuðla að framþróun í ferðaþjónustu í sveitinni.

Mývatnssveit verður tilraunasveitarfélag í ferðaþjónustu. Með samning við ríkið upp á 1 milljarð til 10 ára.
Undir heitinu
“Ferðaþjónustusveitarfélag Íslands”

Fyrsta verkefnið er að skilgreina sveitina og marka stefnu í hvaða átt á að fara. Þessi stefnumótun mun taka um eitt ár í framkvæmd og mundu sveitarstjórn, sérstakir ráðgjafar, verkefnisstjórar og heimaaðilar koma að verkefninu. Þetta á ekki að vera gæluverkefni heldur alvöru verkefni sem er unnið af fagmönnum á alvöru vinnutíma. Næsti þáttur er að vinna að uppbyggingu þeirra verkefna sem ákveðið hefur verið að takast á við og markaðsetja þau. Þriðji þátturinn er verkefnastyrkir og framtíðarsýn hvert skal stefna að loknum þessum tíu árum.

Nóg er af verkefnum til að takast á við og ef við veltum fyrir okkur þeim árangri sem stefnt skal að þá er eðlilegast að horfa fyrst á sumarið. Sumarið er að mestu fullt hér á Mývatnssveitarsvæðinu en það er meira hægt að gera fyrir það fólk sem hér dvelur. Þetta sjáum við best á þeim viðtökum sem nýju jarðböðin fá á fyrsta sumri (600-1200 manns á dag). Yfir sumarið eru um 200.000 manns að koma í Mývatnssveit og þá erum við bara að tala um 3 mánuði, árið er mun lengra og ef við stefnum að því að ná helmings árangri með hina mánuðina þá eru það um 30.000 manns á mánuði. Þetta mun þá leiða til um þreföldunar á þeim fjölda ferðamanna sem sækja Mývatnssveit heim eða um 500.000 að 10 árum liðnum.

Ferðamönnum í Mývatnssveit mun fjölga úr 200.000 í 500.000 á næstu 10 árum með aukinni markaðssókn og nýjum áherslum í þjónustu.

Ef við gefum okkur að velta í ferðaþjónustu í sveitinni sé um 300 milljónir í dag og ríkið fái um 15% í VSK. Þá eru það um 40 milljónir á ári. Með því að auka fjöldann þá eykst veltan og þar með gjaldeyristekjur landsins. Miðað við að auka ferðamannafjölda um 300.000 ætti að vera hægt að auka tekjur ríkisins um allaveganna 40 milljónir bara úr Mývatnssveit og örugglega þrefalda þá upphæð af öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum landsins. Með þessum rökum einum ætti að vera auðvelt að sannfæra stjórnmalamenn um að gera þennan samning við Skútustaðahrepp. Svo ekki sé talað um þá siðferðislega skyldu sem ríkið ber til sveitarinnar vegna inngríps ríkisins í efnahagslífið og lífríkið í Mývatnssveit.

Með auknum ferðamannastraumi í Mývatnssveit mun ríkið fá alla þá fjármuni til baka sem settir eru í verkefnið ásamt því að stuðla að áframhaldandi búsetu á landsbyggðinni.

Það er ekki nokkur vafi í mínum huga að miðað við þær aðstæður sem uppi eru í dag í Mývatnssveit að taka eigi þetta skref í að byggja upp stóriðju í Mývatnssveit með ferðaþjónustu. Þetta skref mun setja ferðaþjónustu á Íslandi upp á nýjan stall og ef vel til heppnast þá verður þetta mólél fyrirmynd fyrir fleiri til að breyta eftir.

Það er engin spurning í mínum huga að það er líf eftir Kísiliðjuna líkt og það var líf fyrir hana. Málið er hugarfarið og áreiðnin sem skiptir máli.

Mývatnssveit er einstök náttúruperla sem með réttum aðferðum er hægt að gera að náttúrlegri stóriðju.

Yngvi R. Kristjánsson

Nokkrar umræður urðu um málið. Yngvi Ragnar óskaði eftir að sveitarstjórn tæki erindið til efnislegrar umfjöllunar á næstunni.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.